

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Landssamtök lífeyrissjóða setja sig ekki upp á móti því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Með breytingum á frumvarpinu hefur verið dregið verulega úr umfangi væntanlegs Eignaumsýslufélags ríkisins og komið til móts við þá gagnrýni sem fram kom við það á fyrri stigum, m.a. í Efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Ljóst er að mörg ákvæði í frumvarpinu eru almennt orðuð, enda er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdina, sbr. 6. grein.

Mjög mikilvægt er að allur undurbúningur við gerð slíkrar reglugerðar sé vandaður, m.a. hvað varðar almenn viðmið, hvað telst þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, svo og hvenær slík fyrirtæki teljast vera orðin rekstrarhæf og hvaða markaðsaðstæður þurfa að vera til að hægt sé að koma þeim aftur í sölu.

Umsögn þessi er gerð í trausti þess að haft verði samráð við Landssamtök lífeyrissjóða og önnur hagsmunasamtök við undirbúning slíkrar reglugerðar.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

